



# Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs

Ársskýrsla samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs fyrir árið 2023

Hjálmtyr Alfreðsson

Kristín Skjaldardóttir

Þóra Sigfríður Einarsdóttir

Domus Mentis Geðheilsustöð

Þverholti 14, 105 Reykjavík

[samskiptaradgjafi@samskiptaradgjafi.is](mailto:samskiptaradgjafi@samskiptaradgjafi.is)

839-9100

783-9100

[www.samskiptaradgjafi.is](http://www.samskiptaradgjafi.is)



**DOMUS MENTIS**  
Geðheilsustöð



## Ársskýrsla samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs 2023

30. apríl 2024

### Starf samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs

Lög um samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs nr. 45/2019 tóku gildi 1. ágúst 2019 og heyrðu undir málefnasvið Mennta- og menningarmálaráðuneytis, nú Mennta- og barnamálaráðuneyti. Samkvæmt lögum þessum er ráðherra viðeigandi málefnasviðs heimilt að fela þriðja aðila að sinna hlutverki samskiptaráðgjafa. Samningur var gerður við Domus Mentis Geðheilsustöð þann 13. janúar 2020 um að sinna starfsemi samskiptaráðgjafa.

Samkvæmt lögum um samskiptaráðgjafa (nr.45/2019) eru helstu verkefni hans að:

- 1) Koma með virkum hætti á framfæri upplýsingum til þeirra sem taka þátt í starfsemi þeirra félaga og samtaka sem falla undir lög þessi, um atvik og misgerðir í þeim tilgangi að auka þekkingu og stuðla að réttum viðbrögðum við þeim.
- 2) Leiðbeina þeim einstaklingum sem til hans leita vegna atvika eða misgerða sem orðið hafa í skipulögðu starfi félaga og samtaka sem falla undir lög þessi eða í tengslum við það um þau úrræði sem standa til boða, hvernig kvörtun er komið á framfæri við rétt yfirvöld og eftir atvikum um þá þjónustu sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á.
- 3) Aðstoða samtök og félög sem falla undir lög þessi við að gera viðbragðsáætlanir vegna atvika og misgerða sem verða í starfi þeirra og stuðla að samræmingu á landsvísi, eftir atvikum í samráði við ÍSÍ, UMFÍ, æskulýðssamtök og önnur samtök.
- 4) Veita ráðgjöf til þeirra sem taka þátt í starfsemi félaga og samtaka sem falla undir þessi lög um fyrirbyggjandi aðgerðir.
- 5) Fylgjast með rannsóknum og þróun á verkswiði samskiptaráðgjafa og koma upplýsingum á framfæri við ÍSÍ, UMFÍ, æskulýðssamtök og önnur samtök sem falla undir lög þessi.
- 6) Taka saman upplýsingar um starf samskiptaráðgjafa og þær tilkynningar sem honum hafa borist á liðnu almanaksári.

Í lögum nr. 45/2019 kemur fram að samskiptaráðgjafi er í störfum sínum óháður fyrirmælum frá öðrum. Þó skal ráðgjafinn starfa samkvæmt fyrirmælum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 auk barnaverndarlaga nr. 80/2002.



Upphaflegur samningur rann út í árslok 2022 en var endurnýjaður og framlengdur milli Mennta- og barnamálaráðuneytisins og Domus Mentis Geðheilsustöðvar í janúar 2023. Í þeim samningi var fjármagn til samskiptaráðgjafa aukið og stöðugildum fjölgað, þar sem fjöldi tilkynntra mála hafði aukist frá því að starfið var sett á fót. Stöðugildi eru því nú orðin tvö og sinna Hjálmtýr Alfreðsson, sálfræðingur, Kristín Skjaldardóttir, félagsráðgjafi, og Þóra Sigfríður Einarsdóttir, sálfræðingur og framkvæmdastjóri Domus Mentis Geðheilsustöðvar, þeim í sameiningu. Skipa Hjálmtýr, Kristín, og Þóra Sigfríður málanefnd samskiptaráðgjafa.

Í júní 2023 var frumvarp til breytinga á lögum um samskiptaráðgjafa samþykkt. Helstu breytingarnar snúa að heimildum samskiptaráðgjafa til útgáfu ráðgefandi álits, meðhöndlun persónuupplýsinga og miðlun upplýsinga til þeirra aðila sem falla undir gildissvið embættisins. Einnig voru löggin skerpt hvað varðar þagnarskyldu samskiptaráðgjafa í samræmi við stjórnsýslulög.

## **Yfirlit verkefna árið 2023**

### **Innri starfsemi samskiptaráðgjafa**

Áfram var unnið að innri verklagsreglum og starfslýsingu samskiptaráðgjafa á árinu 2023. Vinna við slíkt er í sífelldri endurskoðun þar sem vinna samskiptaráðgjafa er stöðugt að þróast.

Vikulega voru haldnir fundir málanefndar samskiptaráðgjafa þar sem farið var yfir nýjar tilkynningar, farið yfir stöðu eldri mála og gerð áætlun um vinnslu hvers máls. Það skal tekið fram að ef um alvarleg mál, til dæmis varðandi hugsanlegar tilkynningar til barnaverndar, er ekki beðið eftir næsta reglulega fundi, en boðað til aukafundar til að fara yfir mál og lögð áhersla á að bregðast hratt við. Auk vikulegra funda voru lengri vinnufundir á dagsskrá ársfjórðungslega þar sem unnið hefur verið að innri verklagsreglum og úttekt á starfsemi.

### **Viðbragðsáætlun**

Viðbragðsáætlun íþróttar- og æskulýðsstarfs var gefin út í nóvember 2022. Á árinu 2023 var hafist handa við að kynna áætlunina fyrir íþróttar- og æskulýðssamtökum. Var það gert með því að:

- Vekja athygli á áætluninni við þau félög sem leituðu til samskiptaráðgjafa á árinu.
- Með því að kynna áætlunina í Fréttabréfi samskiptaráðgjafa (sjá nánar undir Kynningarmál).
- Í öllum þeim kynningum sem ráðgjafinn hélt á árinu hvort sem það var í fjölmiðlum eða fyrirlestrum fyrir félög og stofnanir (sjá nánar undir Kynningamál og Sértek verkefni samskiptaráðgjafa).



- Einnig var gert myndband í samstarfi við Landsbjörg sem kynnir notkun Viðbragðsáætlunar og mun verða sett á heimasíðu samskiptaráðgjafa.

Fyrirhuguð er frekari kynning og útbreiðsla á Viðbragðsáætlun. Sótt var um styrki meðal annars til þess að þýða áætlunina á ensku ásamt því að útbúa styttri útgáfu af henni sem inniheldur markvissa kafla um tilkynningu til barnaverndar, ofbeldi og einelti.

Samskiptaráðgjafi fékk styrk frá Landsbankanum upp á 250.000kr í árslok 2023. Þegar nægt fjármagn hefur fengist mun vinna við þýðingu og styttri bækling hefjast.

### **Heimasíða samskiptaráðgjafa**

Heimasíða samskiptaráðgjafa veitir upplýsingar um starf og hlutverk ráðgjafans. Hægt er að senda inn tilkynningu vegna máls í gegnum heimasíðuna. Auk þess er þar að finna fræðslu- og forvarnarefni og margt hagnýtt og gagnlegt efni fyrir íþróttar- og æskulýðsfélög. Heimasíðan er aðgengileg á bæði íslensku og ensku og er það von samskiptaráðgjafa að síðan verði einnig þýdd á pólsku sem fyrst. Heimasíðan var á árinu í sífelldri endurskoðun og gagnlegu efni reglulega bætt við.

### **Símatími**

Í samningi ráðuneytis við Domus Mentis Geðheilsustöð er kveðið á um fastan símatíma samskiptaráðgjafa. Símatími samskiptaráðgjafa er alla þriðjudaga kl.10-11. Eitt erindi barst í gegnum símatíma á árinu 2023. Flest erindi berast utan símatíma enda hefur verið lögð áhersla á gott aðgengi að þjónustu samskiptaráðgjafa.

### **Kynningarmál**

Starfsmenn samskiptaráðgjafa sinntu fræðslu og upplýsingagjöf varðandi starfið hjá mismunandi stofnunum og félögum sem óskuðu eftir því sem og að eigin frumkvæði eftir því sem við á. Þá hefur embætti samskiptaráðgjafa einnig lagt áherslu á góða samvinnu við fjölmiðla á árinu.

Á árinu 2023 kynnti samskiptaráðgjafi starfsemi sína fyrir nemendum í tómsunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands. Samskiptaráðgjafi fór í útvarpsviðtal í júlí til að ræða forvarnir varðandi kynþáttafordóma innan íþróttar og fór í viðtal hjá Stöð 2 í október í kjölfar sjónvarpsþáttanna Á hliðarlínunni sem fjallaði um íþróttir barna. Einnig var greinargott viðtal við samskiptaráðgjafa í íþróttaréttum RÚV í nóvember þar sem fjallað var um hlutverk samskiptaráðgjafa og útgáfu Viðbragðsáætlunar.

Í samstarfi við Landsbjörg tók samskiptaráðgjafi upp myndband sem inniheldur kynningu á starfi ráðgjafans og Viðbragðsáætlun íþróttar- og æskulýðsstarfs.

Fréttabréf samskiptaráðgjafa var gefið út í fyrsta skipti í nóvember 2023. Var það sent til allra íþróttar- og æskulýðssamtaka sem samskiptaráðgjafi þjónustar, með ósk um að þau áframsendi það til sinna aðildarféлага. Þar komu fram helstu fréttir af starfinu auk þess sem var verið að



minnast á Viðbragðsáætlun, öflun upplýsinga úr sakaskrá og verkfærakistu samskiptaráðgjafa. Fyrirhugað er að gefa fréttabréfið út tvisvar sinnum á ári.

### **Samstarf við aðildarfélög**

Starf samskiptaráðgjafa var viðbót við forvarnar- og fræðslustarf sem þegar var hafið á mismunandi stöðum innan íþróttar- og æskulýðshreyfinga. Samskiptaráðgjafi hefur lagt áherslu á að rækta samstarf og samtal við þessi félög og hefur það gengið vel. Er það samstarf mikilvægt til þess að einfalda boðleiðir fyrir þau sem þurfa að nýta sér þjónustu samskiptaráðgjafa. Þar að auki er best að sameina krafta þeirra sem hafa öryggi og velferð þátttakenda og starfsmanna í íþróttar- og æskulýðsstarfi að leiðarljósi.

### **Ferðir samskiptaráðgjafa**

Samskiptaráðgjafi hefur sinnt flestum sínum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu en hefur einnig ferðast út um landið þegar þess hefur verið þörf. Annars hefur tæknin verið nýtt fjarfundabúnaðaður nýttur í samskiptum þegar það á við.

Vill samskiptaráðgjafi benda á, að þegar að um þolendur er að ræða í viðkvæmum og alvarlegum málum, eru fjarfundir ekki góður kostur til að fara yfir málið. Huga þarf að því að gera samskiptaráðgjafa kleift að ferðast oftar út á land til að sinna málum betur. Einnig þegar upp koma eineltismál í minni félögum úti á landi, en þá getur verið mikilvægt að fá utanaðkomandi aðila til að vinna í málinu með heimafólki. Borið hefur á því að minni félög hafi ekki fjármagn til að fá slíka aðstoð til sín.

### **Sértæk verkefni samskiptaráðgjafa á árinu 2023**

#### Frumvarp til breytingar á lögum um samskiptaráðgjafa

Í störfum samskiptaráðgjafa kom fljótt í ljós þörf á endurskoðun laga um embættið svo það gæti sinnt lögboðnu hlutverki sínu. Í samstarfi við Mennta- og barnamálaráðuneytið var unnið af þessu og frumvarp til breytingar á lögum nr. 45/2019 samþykkt í júní 2023.

Helstu breytingarnar snúa að heimild samskiptaráðgjafa til útgáfu ráðgefandi álits, meðhöndlun persónuupplýsinga og miðlun upplýsinga til þeirra aðila sem falla undir gildissvið ráðgjafans. Einnig voru löggin skerpt hvað varðar þagnarskyldu samkvæmt stjórnsýslulögum. Að lokum var gerð breyting á íþróttalögum (nr.64/1998) í sama frumvarpi til að fyrirbyggja misskilning sem gæti orðið varðandi 16.gr. þeirra laga.

#### Þingsályktun um forvarnir gegn kynbundun- og kynferðislegu ofbeldi og áreitni

Samskiptaráðgjafi hefur sinnt hlutverki tengiliðar milli ráðuneytis og íþróttar- og æskulýðssamtaka hvað varðar innleiðingu á netnámskeiði sem miðar að því að upplýsa öll sem vinna með börnum um einkenni kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni og ofbeldi. Einnig er hluti af netnámskeiðinu að kynna fólk fyrir réttum viðbrögðum ef börn segja frá ofbeldi í sinn



garð. Samskiptaráðgjafi fundaði með fulltrúum íþróttar- og æskulýðsstarfs í ágúst 2023 til þess að hefja innleiðingu á netnámskeiðinu fyrir þau sem vinna í íþróttar- og æskulýðsfélögum. Í kjölfarið átti samskiptaráðgjafi fundi með stýrihóp verkefnisins og fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytisins.

Verkefnið er enn í vinnslu og heldur samskiptaráðgjafi áfram að sinna hlutverki sínu sem tengiliður og ýta eftir því að öll sem starfa með börnum sitji netnámskeiðið eins og þingsályktunin gerir ráð fyrir.

#### Endurskoðun siðareglna KSÍ

Óskað var eftir því á haustmánuðum 2022 að samskiptaráðgjafi sæti í vinnuhóp sem fenginn var til þess að endurskoða siðareglur KSÍ. Samskiptaráðgjafi fundaði með vinnuhópnum þrisvar sinnum á árinu 2023. Lauk þeirri vinnu í byrjun febrúar og bíða nýjar siðareglur nú kynninga og samþykka á vegum KSÍ.

#### Mennta- og barnamálaráðuneyti, leiðbeiningar EKKO í framhaldsskólum

Samskiptaráðgjafi var í samráðshóp á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis við gerð leiðbeininga til framhaldsskóla þegar upp koma EKKO mál. Samskiptaráðgjafi fundaði fjórum sinnum á árinu 2023 og tók þátt í vinnu við gerð leiðbeininganna sem verða gefnar út af Mennta- og barnamálaráðuneyti 2024.

#### Fræðsla fyrir erlenda þjálfara, verkefni ÍSÍ

Að ósk ÍSÍ aðstoðaði samskiptaráðgjafi við gerð fræðsluefnis fyrir erlenda þjálfara. Búin voru til myndbönd þar sem íþróttastarf var kynnt frá mörgum mismunandi hliðum, uppbygging íþróttastarfs, þjálfun barna, skólaumhverfið, samstarf við foreldra. Samskiptaráðgjafi fjallaði um siðareglur, sakavottorð, einelti, áreitni og ofbeldi. Myndböndin voru ekki tilbúin í lok árs 2023 en þegar þau verða það mun samskiptaráðgjafi vísa á þau á heimasíðu sinni.

#### Forvarnarverkefni fyrir sumarið 2023, samstarf ýmsa stofnanna

Að ósk lögreglunnar tók samskiptaráðgjafi þátt í forvarnarverkefni með lögreglu, Sambandi íslenskra sveitafélaga, Menntamálastofnun, Landlækni, Barna- og fjölskyldustofu, Jafnréttisstofu og 112. Verkefnið fólst í að bréf var sent út til allra íþróttar- og æskulýðsfélaga á landinu til að minna á forvarnarhlutverk þeirra hvað varðar alla viðburði, mót og samkomur sem eru sérstaklega margar yfir sumartímann. Í bréfinu var minnt á siðareglur, Viðbragðsáætlun og mikilvægi þess að bregðast við ef upp kæmu mál.

#### Fyrirlestrar fyrir ÍBR haustið 2023

Samskiptaráðgjafi hitti íþróttafélög í Reykjavík á vegum ÍBR á haustmánuðum og kynnti starf samskiptaráðgjafa fyrir þjálfurum og starfsfólki félaganna. Alls voru haldnar 11 kynningar fyrir íþróttafélög í Reykjavík. Í kynningunni var farið yfir hvert hlutverk samskiptaráðgjafa



væri, hvernig það nýttist aðilum íþróttarfélaganna ásamt því að Viðbragðsáætlun íþróttar- og æskulýðsstarfs var kynnt.

#### Stýrihópur forvarnaráætlunar lögreglu og 112

Eygló Harðardóttir verkefnastjóri afbrotavarna ríkislögreglustjóra bauð samskiptaráðgjafa að taka þátt í þegar starfandi starfshóp um forvarnir og vitundavakningu gegn kynferðisbrotum og kynbundnu ofbeldi og áreitni, auk áhættuhegðunar barna. Hlutverk hópsins er að styðja við uppbyggingu á samstarfi lögreglu og samstarfsaðila gegn ofbeldi og afleiðingum þess.

#### Sexan stuttmyndakeppni 7.bekkinga á landsvísu

Samskiptaráðgjafa var boðið að sitja í starfshóp Sexunnar. Sexan er jafningjafraeðsla sem snýr að því að fræða 7.bekkinga um mörk, samþykki, nektarmyndir, tælingu og slagsmál ungmenna ásamt því að tryggja þátttöku jaðarhópa eins og hinsegin samfélagið, ungmenni að erlendum uppruna og ungmenni með fötlun. Er þetta annað starfsár Sexunnar og er samskiptaráðgjafi enn hluti af hópnum.

## **Mál sem bárust samskiptaráðgjafa á árinu 2023**

Öllum tilkynningum til samskiptaráðgjafa er tekið alvarlega og eru þær skráðar í málaskrá undir þeim formerkjum sem þær berast. Eftir frekari upplýsingaöflun er tekin ákvörðun á málafundi um hvort mál tilheyri samskiptaráðgjafa eða hvort réttast sé að vísa málinu annað. Mál sem hafa borist samskiptaráðgjafa á árinu 2023 hafa verið afar fjölbreytt.

#### Tegundir mála

Tilkynningar til samskiptaráðgjafa á árinu 2023 hafa verið flokkaðar eftir því hvernig málin eru tilkynnt og falla þau í eftirfarandi flokka; eineltismál, andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, kynbundin- eða kynferðisleg áreitni eða ofbeldi, samskiptavanda, ráðgjöf og annað.

Mál sem flokkast sem „Kynbundin- eða kynferðisleg áreitni eða ofbeldi“ eru allt frá því að vera óviðeigandi samskipti á netinu yfir í alvarlegt kynferðislegt ofbeldi. „Andlegt ofbeldi“ eru mál sem varða harkalega framkomu eða þjálfunarhætti en einnig fordóma og skylda hegðun. Undir flokkinn „Annað“ falla ýmiskonar mál sem ekki tilheyra öðrum skilgreindum flokkum. Þar má nefna andlega vanlíðan eða lagaleg álitamál. Flokkurinn „Ráðgjöf“ getur varðað ýmsa ráðgjöf vegna mála sem og leiðbeiningar varðandi meðhöndlun þeirra. Oft telst ráðgjöf ekki til mála sem viðkoma einstaklingum eða mögulegum brotum á þeim.





Hér má sjá tölfræði yfir þær tilkynningar sem bárust á árinu 2023:

	Kynbundin- eða kynferðisleg áreitni eða ofbeldi	Ofbeldi andlegt	Ofbeldi líkamlegt	Einelti	Samskiptavandi	Ráðgjöf	Annað	Alls
Fjöldi tilkynninga	23	18	13	17	10	10	2	93
Hlutfall af heild	25%	19%	14%	18%	11%	11%	2%	100%

### Hver tilkynna mál?

Tilkynningar til samskiptaráðgjafa berast frá ýmsum aðilum. Árið 2023 bárust 26% tilkynninga frá einstaklingum, 25% frá regnhlífarsamtökum, sársambandi eða sveitafélagi og 48% frá félögum. Þar sem 73% allra tilkynninga eru að koma frá félögum og samböndum virðist vera að þau séu að taka á þeim málum sem til þeirra berast og leita sér aðstoðar við að greiða úr þeim. Þess má geta að eitt mál var hafið af frumkvæði samskiptaráðgjafa. Árið 2022 voru tilkynningar frá félögum og samböndum 69% þannig að það má sjá aukningu í tilkynningum frá þeim aðilum.

Þau mál sem bárust samskiptaráðgjafa á árinu 2023 voru flest frá íþróttahreyfingunni eða 86%. Þá voru 14% tilkynninga sem komu frá æskulýðshreyfingum, sem er aukning um 5% frá síðasta ári.

### Aldur og kyn

Af þeim málum sem bárust 2023 vörðudu 62% börn en 32% mála fullorðna einstaklinga. Í 1% tilkynntra mála var um að ræða bæði börn og fullorðna. Í 5% mála átti aldur ekki við.

Kynjahlutfall í heildarfjölda tilkynntra mála skiptist þannig að í 44% tilfella voru stúlkur/konur meintir þolendur. Hér er um að ræða alla flokka mála hvort sem það er samskiptavandi eða ofbeldi. Í 36% tilfella voru drengir/karlar meintir þolendur og í 6% tilfella voru bæði þessi kyn tilkynnt sem meintir þolendur mála. Þess má geta að í 14% tilfella átti kyn ekki við, en þá er jafnvel um að ræða mál sem flokkast undir „Annað“ eða „Ráðgjöf“ og ekki þess eðlis að um þolendur eða gerendur sé að ræða, málin varða ekki endilega einstaklinga og vanda þeirra eða vandinn gæti átt við stóran hóp

Þá voru drengir/karlar sagðir gerendur í 62% tilkynntra mála. Stúlkur/konur voru sagðar gerendur í 18% mála og í 4% tilfella voru bæði þessi kyn tilkynnt sem meintir gerendur mála. Í 16% tilfella átti kyn ekki við. Áfram er hér fjallað um alla flokka mála.





### Skipting mála eftir landsvæðum:

	Höfuðborgar- svæði	Norður- land	Vestur- land	Suður- land	Reykja- nes	Austur- land	Vest- firðir	Annað/ erlendis	
2023	Fjöldi tilkynninga	63	11	1	6	6	2	1	3
	Hlutfall af heild	68%	12%	1%	6,5%	6,5%	2%	1%	3%
2022	Fjöldi tilkynninga	65	9	5	9	9	5	2	5
	Hlutfall af heild	60%	8%	4,5%	8%	7,5%	5%	2%	5%

### Staða mála

Starfsmenn samskiptaráðgjafa leggja ávallt áherslu á að vinna mál eins hratt og mögulegt er en um leið viðhafa vönduð vinnubrögð. Við árslok hafði samskiptaráðgjafi lokið við eða lokað 84% mála sem bárust á árinu 2023. Í lok árs voru því 16% mála enn í vinnslu á mismunandi stigum.

### Álit, umsagnir eða leiðbeiningar

Í vissum málum gefur starfsmenn samskiptaráðgjafa út umsögn og/eða ráðgefandi álit. Það er í málum þar sem formleg kvörtun berst og krefjast frekari upplýsingaöflunar. Viðtöl eru tekin málshefjanda/málshefjendur og aðra málsaðila auk þess að annarra viðeigandi upplýsinga er aflað ef við á. Þá gefur samskiptaráðgjafi út umsögn eða ráðgefandi álit og leggur fram tillögur til úrbóta. Á árinu 2023 voru tvær umsagnir gefnar út og ein var enn í vinnslu.

### Tilkynningar mála til barnaverndar og lögreglu


Á árinu 2023 voru 17 mál, eða 18% af heildarmálum sem samskiptaráðgjafi kom að, tilkynnt til eða þegar í vinnslu hjá barnavernd. Þá voru 9 mál, eða 10% af heildarmálum sem samskiptaráðgjafi kom að, tilkynnt til eða þegar í rannsókn lögreglu. Nær öll mál sem voru tilkynnt til barnaverndar og lögreglu voru undir flokkunum „líkamlegt ofbeldi“ og „kynbundin- og kynferðisleg áreitni og ofbeldi“. Örfá mál tilkynnt til barnaverndar eða lögreglu voru undir flokkunum „andlegt ofbeldi“ og „annað“.

### Tilkynningar á mánuði árið 2023




Samskiptaráðgjafa bárust að meðaltali tæplega átta tilkynningar á mánuði yfir árið 2023. Hér má sjá dreifingu tilkynninga eftir mánuðum ársins. Hér má sjá samanburð frá upphafi starfs samskiptaráðgjafa á hvaða árstímum mál berast helst til embættisins. Fæst mál berast yfir sumartímamenn en flest frá september til apríl ár hvert.

Málafjöldi á mánuði 2023



Málafjöldi á mánuði 2020 - 2023



### Breytingar milli ára

Þegar farið er yfir tölfræði ársins 2023, vekur athygli að í fyrsta sinn er fækkun á milli ára í flokknum kynbundin eða kynferðisleg áreitni eða ofbeldi. Aukning eða svipaður málafjöldi hefur verið í þessum málaflokkum árin sem samskiptaráðgjafi hefur starfað. Hefur það verið í takt við það sem mátt hefur sjá í samantekt í tilkynningum til barnaverndarþjónustu á landinu og Barnaverndarstofa tekur saman sem og í gögnum frá lögreglu. Áhugavert verður því að sjá

Þegar þeir aðilar gefa út sínar tölur vegna ársins 2023 hvort að sambærileg þróun er að eiga sér stað þar.

Aukning er hins vegar nokkur í flokknum andlegt ofbeldi en vert er að taka það fram að eineltismál eru flokkuð sér og eru því ekki innan þess flokks. Aðrir flokkar halda sér nokkuð á milli ára fyrir utan ráðgjöf, en aukist hefur að félög óska eftir ráðgjöf án þess að samskiptaráðgjafi þurfi að koma frekar inn í málin. Er þetta oft hjá félögum sem hafa fengist við svipuð mál áður og eru þá byrjuð að móta sér verklagsreglur um hvernig bregðast eigi við þegar sambærileg mál koma upp hjá þeim.

	Kynbundin- eða kynferðisleg áreitni eða ofbeldi	Ofbeldi andlegt	Ofbeldi líkamlegt	Einelti	Samskiptavandi	Ráðgjöf	Annað	Alls
2023	23 (25%)	18 (19%)	13 (14%)	17 (18%)	10 (11%)	10 (11%)	2 (2%)	93
2022	41 (38%)	3 (3%)	14 (13%)	23 (21%)	15 (14%)	5 (4%)	8 (7%)	109
2021	30 (38%)	10 (13%)	4 (4%)	13 (16%)	11 (14%)	3 (4%)	8 (10%)	79
2020	8 (33,3%)	2 (8,3%)	1 (4,2%)	6 (25%)	-	6 (25%)	1 (4,2%)	24

## Verkefni ársins 2024

Fram undan hjá embætti samskiptaráðgjafa er nýtt og spennandi starfsár. Markmið ársins er að halda áfram kynningu á starfseminni sem óðum er að festa sig í sessi. Þá kemur þörfin fyrir embættið betur og betur í ljós með hverju starfsárinu sem líður.

Auk fastra verkefna við málavinnslu, viðhald á heimasíðu og viðbragðsáætlun er mikilvægt að halda kynningum á starfseminni áfram, sérstaklega hjá þeim sem hafa lengra að sækja þjónustuna. Starfsmenn samskiptaráðgjafa hyggja því á kynningar í nýjum íþróttahéruðum sem ÍSÍ er að stofna. Sambærileg herferð var árið 2021 þegar samskiptaráðgjafi var ný tekin til starfa. Margt hefur gerst síðan og betri yfirsýn um starfsemin. Þá er viðbragðsáætlun komin og mikilvægt að öll félög sem að henni koma kynni sér hana vel til að geta nýtt hana. Þá væri gott að kynna starf samskiptaráðgjafa fyrir nemendum á íþróttakennarabraut háskólanna en sambærileg kynning fór fram árið 2023 fyrir nemendur í tómstunda- og félagsmálafræði. Þá



verður útgáfu fréttabréfs haldið áfram, tvisvar á ári. Samskiptaráðgjafi mun áfram sækja um styrki þar sem mikil þörf er á að þýða þau verkfæri sem búin að hafa verið til með viðbragðsáætlun og heimasíðu yfir á fleiri tungumál. Þar má til að mynda nefnda ensku og pólsku.

Samskiptum við þá aðila sem þegar eru komin á er mikilvægt að viðhalda áfram og eiga í góðu samstarfi. Strax í upphafi árs 2024 fengu starfsmenn samskiptaráðgjafa fulltrúa lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í heimsókn en farsælt og gott samstarf hefur verið þar á milli. Þá er ætlunin að bjóða fleiri hópum yfir árið en það á eftir að skýrast nánar. Starfsmenn samskiptaráðgjafa hafa haldið kynningar vegna verkefnis lögreglunnar um „Öruggari landshluta“. Þá hefur samskiptaráðgjafi áhuga á að kynna starf sitt í námi í lögreglufræðum.

Starfsmenn samskiptaráðgjafa hafa starfsdag innanhúss ársfjórðungslega þar sem farið er yfir þau markmið sem hafa verið sett og hvernig gengur að ná þeim. Þá eru ný markmið sett á fundunum og unnið úr því sem betur má fara eða bæta eða breyta.

Nú þegar meiri formfesta er komin í starf samskiptaráðgjafa eftir því sem reynslan eykst er mikilvægt að starfsmenn staðni ekki í starfi. Því þurfa starfsmenn að leita sér fræðslu sem og upplýsinga um hvernig sambærileg störf eru unnin. Lögð er áhersla á að starfsmenn nái að fylgja vel eftir því sem gerist á vettvangi íþróttar- og æskulýðsstarfs, bæði hérlendis og erlendis. Starfsmenn samskiptaráðgjafa reyna því árið 2024 að sækja ráðstefnur og fræðslu eins og undanfarin ár. Þá væri gott, eins og áður hefur komið fram að embættið gæti farið og hitt kollega erlendis og kynnt sér hvernig sambærileg starfsemi fer þar fram. Því er unnið að því að óska eftir styrkjum til slíkrar ferðar.

Starfsmenn samskiptaráðgjafa hafa orðið varir við að þörf sé að kynna starfsemi og menningu hérlendis fyrir erlendum þjálfurum, en upp hafa komið mál síðustu ár er varðar menningarmun og þekkingarleysi erlendra þjálfara á hvað lög og reglur gilda á Íslandi. Embættið stefnir því að því að geta sett á fót fyrir erlenda þjálfara fræðslu sem hægt væri að halda að minnsta kosti tvisvar á ári. Þetta er verkefni sem hefur gríðarlega mikilvægt forvarnargildi en forvarnir eru einmitt eitt af lykilhlutverkum samskiptaráðgjafa og hefur verið frá upphafi.

Þá hefur embættið orðið vart við ákall frá félögum um sterkari og samræmdari siðareglur og mun því fara af stað vinna tengd því að frumkvæði embættis samskiptaráðgjafa.

## **Horf um öxl og til framtíðar**

Embætti samskiptaráðgjafa hefur ekki getað sinnt forvarnarhlutverki sínu með fullnægjandi hætti, þar sem skort hefur fjármagn og jafnvel eitt stöðugildi í viðbót til að ná höndum yfir slíkt, en að búa til forvarnaefni og halda námskeið tengd því, tekur mikinn tíma af starfi samskiptaráðgjafa. Öll þau er koma að íþróttar- og æskulýðsstarfi eru sammála um forvarnargildi slíks starfs en þá þarf einnig að vera hægt að fræða iðkendur, sjálfbodaliða, starfsfólk og



stjórnendur félaga um þá þætti sem geta komið upp í starfi þeirra og hvernig eigi að bregðast við. Samkvæmt lögum þeim er samskiptaráðgjafi starfar eftir, er þetta eitt af frumskyldum embættisins. Þá er ekki síður mikilvægt að nú þegar stofna á svæðisskrifstofur vítt um landið á vegum Íþrótta- og ólympíusambands Íslands (ÍSí) að aukning verði á starfsgildum en sinna þarf þeim skrifstofum af kostgæfni að hálfu samskiptaráðgjafa til að stuðningur við félög utan höfuðborgarsvæðisins haldi áfram að vaxa og dafna. Líklegt er að svæðisskrifstofurnar komi til að má að fá fyrirspurnir inn á sitt borð en til að sjálfstæði samskiptaráðgjafa haldist, þarf að fræða þær skrifstofur um hlutverk samskiptaráðgjafa til að þau geti örugglega vísað þeim málum sem við eiga í réttan farveg. Þá er fyrirséð að gott samstarf vegna kynninga og forvarnarstarfs verði mikilvægt til langrar framtíðar á milli embættis samskiptaráðgjafa og svæðisskrifstofanna.

Að auki, nú þegar ákveðin formfesta er komin í starfsemina er mikilvægt að fjármagn fylgi þannig að starfsmenn geti sótt sér aukna þekkingu, innanlands sem utan. Mikilvægt er að embættið staðni ekki heldur haldi áfram að þróast, nái að fylgja eftir breytingum sem verða í heiminum og geti uppfært þá þekkingu sem nú þegar er til staðar í takt við nýja vitneskju sem kemur fram. Starfsmenn samskiptaráðgjafa hafa vitneskju um að starfsmaður hjá ÍSí hafi sótt nám í „*Safeguarding in sports*“ en það er eins vetrar nám. Telur embætti samskiptaráðgjafa að mikilvægt sé að Mennta- og barnamálaráðuneyti tryggi starfsmönnum samskiptaráðgjafa fjármagn til að geta sótt þetta nám hið fyrsta, til að starfsmenn hafi meiri fagþekkingu yfir að ráða en að auki myndast mikilvæg tengsl við aðila erlendis.

Skorað er á Mennta- og barnamálaráðuneyti að horfa til þessara þátta og auka fjármagn til embættisins svo það geti haldið áfram að skara fram úr á heimsvísu og vera sú fyrirmynd sem það hefur verið síðustu ár.